



Samantekt um umsagnir og tillögur að lagabreytingum

Dags.

16.12.2021.

Efni

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (gjald dagar, refsinaemi o.fl.). Þingskjal 4 – 4. mál á 152. löggjafarþingi 2021–2022.

Fjöldi umsagna

1.

Umsagnaraðilar

Hagsmunasamtök heimilanna.

Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Eftirfarandi eru svör fjármála- og efnahagsráðuneytisins við innsendri umsögn.

1. Almannaheillaskrá

Í umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna kemur fram að með lögum um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri nr. 119/2019 og lögum um félög til almannaheilla nr. 110/2021 hafi í fyrsta skipti verið sett heildarlög um starfsemi slíkra félaga. Með lögum nr. 32/2021, um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld, hafi skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla verið rýmkaðir. Þó breytingarnar hafi verið til hins betra, hafi þær haft þá óvæntu og undarlegu afleiðingu að halda þurfi mismunandi skrár hjá fyrirtækjaskrá Skattsins fyrir hverja fyrrnefnda tegund félags. Jafnframt þurfi almannaheillasamtök með aukinni fyrirhöfn að skrá sig bæði sem slík og lögaðila til almannaheilla í skilningi skattalaga til þess að geta nýtt sér umrædda skattalega hvata. Hagsmunasamtök heimilanna mælast því til þess að til framtíðar og þegar meiri reynsla verður komin á framkvæmd fyrrnefndra laga, verði hugað að því að samræma þau betur og einfalda fyrirkomulag á skráningu samtaka og lögaðila til almannaheilla. Í því sambandi verði skoðað hvort komi til greina að félög sem uppfylla skilyrði laga um félög til almannaheilla skuli þar með teljast sjálfkrafa uppfylla skilyrði um skattalega hvata slíkra félaga án þess að tvöfaldrar skráningar sé þörf.

Ráðuneytið er jákvætt fyrir þeim sjónarmiðum samtakanna um að skoðun fari fram á skattalegu umhverfi og skráningu lögaðila sem starfa til almannaheilla þegar meiri reynsla verður komin á framkvæmd laga nr. 32/2021 (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla). Ráðuneytið telur jafnframt rétt að við þá skoðun fari samhliða fram skoðun á þeim ákvæðum reglugerðar nr. 1300/2021, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sem varða lögaðila sem starfa til almannaheilla og skráningu á almannaheillaskrá.

Tillögur að lagabreytingum

Hér á eftir er að finna tillögur ráðuneytisins til efnahags- og viðskiptanefndar um breytingar á frumvarpinu, eftir atvikum í kjölfar innsendra erinda eða nánari skoðunar á einstökum ákvæðum frumvarpsins.

1. C-liður 1. gr. frumvarpsins – Almannaheillaskrá Skattsins

Í c-lið 1. gr. frumvarpsins er m.a. lagt til að við 9. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, verði bætt því skilyrði fyrir skráningu lögaðila í almannaheillaskrá að staðin hafi verið skil á ársreikningi til ríkisskattstjóra og að ekki sé um að ræða vanskil eða áætlanir skatta, skattsekta, gjalda og skýrsluskila.

Ráðuneytið fékk erindi frá Skattinum þess efnis að rétt væri að bæta við 9. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga að staðin hafi verið skil á **skattframtali** og að orðunum „eftir því sem við á“, yrði bætt við, þar sem að þeir lögaðilar sem eru hvorki skattskyldir né framtalsskyldir né ber að skila ársreikningum skv. lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, verði ekki krafðir um skil á ársreikningi við skráningu á almannaheillaskrá.

Ráðuneytið fellst á tillögu Skattsins og leggur jafnframt til að orðunum „og endurskráningu“ verði bætt við tölulíðinn þar sem fram kemur sú krafa í 18. gr. reglugerðar nr. 1300/2021, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, að skráðir aðilar á almannaheillaskrá skuli hafa staðið skil á ársreikningi eigi síðar en 31. maí ár hvert.

Tillaga að orðalagi c-lið 1. gr. frumvarpsins, með breytingartillögum:

c. Á eftir 2. másl. koma þrjár nýir máslíðir, svohljóðandi: Þá er það skilyrði fyrir skráningu og endurskráningu lögaðila í almannaheillaskrá að staðin hafi verið eftir því sem við á skil á **skattframtali** og ársreikningi til ríkisskattstjóra og að ekki sé um að ræða vanskil eða áætlanir skatta, skattsekta, gjalda og skýrsluskila. Ákvörðun ríkisskattstjóra um höfnun á skráningu í almannaheillaskrá eða afskráningu er kæránleg til yfirséttanefndar. Kærufrestur er 30 dagar og reiknast frá dagsetningu ákvörðunar ríkisskattstjóra.

2. Tímabundin niðurfelling vörugjalda af húsbílum

Þann 8. desember sl. barst ráðuneytinu erindi frá fyrirtækinu McRent Iceland ehf. sem sérhæfir sig í innflutningi húsbifreiða sem eru að mestu leyti leigðar út til erlendra viðskiptavina. Í erindinu kemur m.a. fram að vegna nýrra staðla sem teknir hafa verið upp í mælingu á koltvísýringi í útblæstri frá ökutækjum, CO₂, lendi húsbílar sjálfkrafa í hámarks vörugjaldaflokk og reiknist þá gjöldin 65% af tollverði hvernar bifreiðar. Veittar hafi verið tímabundnar undanþágur fyrir árið 2020 með bráðabirgðaákvæði við lög nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., þar sem kveðið var á um að skráð losun húsbíla á koltvísýringi skyldi lækkuð um 40% en þó að hámarki niður í 150 g/km. Í áliti meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar við lög nr. 33/2020 hafi komið fram að ætlun löggjafans hafi ekki verið sú að húsbílar sættu stórauðnum álögum vörugjalds samhliða upptöku nýs alþjóðlegs staðals um mælingu á losun ökutækja. Þá hafi meirihlutinn talið að vinna þyrfti að varanlegri lausn vegna þessarar stöðu og lagði til að fyrrnefndu bráðabirgðaákvæði væri bætt við lögin. Ákvæðið hafi síðan verið framlengt út árið 2021 en rennur út um næstkomandi áramót. Varanleg lausn hafi ekki verið fundin á málinu eins og sakir standa og því sé ljóst að húsbílar muni sjálfkrafa falla í hámarks vörugjaldaflokk að óbreyttu, verði ekki brugðist við fyrir komandi áramót. Vegna þessa er óskað eftir því að stjórnvöld framlengi annað hvort þá undanþágu sem nú er í gildi, eða breyti lögum varanlega með sanngjörnum hætti.

Það er mat ráðuneytisins að þar sem að varanleg lausn á útreikningi vörugjalda fyrir húsbíla liggur ekki fyrir sé rétt að leggja til framlengingu á **ákvæði til bráðabirgða XVIII laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.**, þannig að ákvæðið verði framlengt tímabundið til og með 31. desember 2022, sbr. 14. gr. laga nr. 14/2020.

Tillaga að breytingu á ákvæði til bráðabirgða XVIII laga nr. 29/1993:

Í stað orðanna „á árinu 2020 og 2021“ í 1. másl. ákvæðis til bráðabirgða XVIII í lögum kemur: **á árunum 2020, 2021 og 2022.**

3. Tímabundin heimild til endurgreiðslu á virðisaukaskatti af loftförum, hreyflum og loftskrúfum sem nota rafmagn eða vetni sem aflgjafa

Þann 9. mars sl. var lagt fram [frumvarp](#) af hálfu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um loftferðir, þingskjal 994 - 586. mál. Í 264. gr. frumvarpsins var lagt til að við lögin yrði bætt nýju bráðabirgðaákvæði þess efnis að á tímabilinu 1. júlí 2021 til og með 31. desember 2026 skyldi endurgreiða 100% þess virðisaukaskatts sem greiddur hefði verið við innflutning eða fyrstu sölu nýs loftfars, hreyfils eða loftskrúfu sem nýtti rafmagn sem aðalorkugjafa. Jafnframt skyldi á sama tímabili endurgreiða 100% þess virðisaukaskatts sem greiddur hefði verið við innflutning og fyrstu sölu notaðs loftfars, hreyfils eða loftskrúfu sem nýtti rafmagn sem aðalorkugjafa, enda væri loftfarið þriggja ára eða yngra á innflutningsdegi og söludegi miðað við fyrstu skráningu og hreyfill eða loftskrúfa þriggja ára eða yngri á innflutningsdegi eða söludegi, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Frumvarpinu var vísað til umhverfis- og samgöngunefndar en náði ekki fram að ganga.

Meðal áhersluatriða í nýrri flugstefnu er að dregið verði úr neikvæðum umhverfisáhrifum flugs og flugtengds rekstrar og að stuðlað verði að uppbyggingu nauðsynlegra innviða vegna þeirra. Í markmiði um umhverfislega sjálfbærar samgöngur í samgönguáætlun fyrir árin 2020–2034 (sjá þskj. 1944, 435. mál, 150. lögþ. 2019–2020) kemur fram að stefnt skuli að því að samgöngur verði umhverfislega sjálfbærar og dregið verði úr hnattrænum, svæðisbundnum og staðbundnum umhverfisáhrifum samgangna. Þá verði Ísland fremst í flokki í umhverfismálum tengdum flugi og flugrekstri og stefnt verði að hvötum til orkuskipta í flugi þegar fullnægjandi tækni hefur verið þróuð.

Í ljósi markmiða stjórnvalda um orkuskipti í flugi á Íslandi og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda leggur ráðuneytið til við efnahags- og viðskiptanefnd að höfðu samráði við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið að það tímabundna ákvæði sem um ræðir í 264. gr. frumvarps um loftferðir verði bætt við frumvarp það sem hér er til umfjöllunar (Þingskjal 4 - 4. mál á 152. löggjafarþingi 2021-2022.), með lítilsháttar orðalagsbreytingum. Lagt er til að **gildistakan verði 1. janúar 2022.**

Tillagan felur að öllum líkindum í sér ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), sbr. lög nr. 2/1993. Í ákvæðinu er að finna almennt bann við ríkisaðstoð. Frá því banni eru þó ákveðnar undantekningar, sbr. einkum 2. og 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og afleidd löggjöf sem tekin hefur verið upp í viðauka EES-samningsins. Undantekningar geta einkum átt við ef jákvæð áhrif ríkisaðstoðar á samfélagið vega þyngra en sú röskun á samkeppni sem af henni hlýst, sjá m.a. í þessu sambandi [ákvörðun ESA vegna vistvænna ökutækja](#).

Undanþágu er jafnframt að finna í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013, um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð (de minimis) sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2014. Samkvæmt bókun 3 við EES-samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ber aðildarríkjunum almennt að tilkynna ESA um fyrirhugaða ríkisaðstoð og biðja samþykkis stofnunarinnar áður en aðstoð er veitt. Stjórnvöld þurfa þó ekki að leita samþykkis ESA ef bein eða óbein framlög til hvers fyrirtækis fara ekki yfir 200.000 evrur (u.þ.b. 29.000.000 kr.) á hverju 36 mánaða tímabili, að uppfylltum skilyrðum framangreindrar reglugerðar. Inn í þá fjárhæð skal einnig reikna aðra styrki sem viðkomandi hefur fengið frá opinberum aðilum.

Tillaga að nýju ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, ásamt skýringum:

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á tímabilinu 1. janúar 2022 til og með 31. desember 2027 skal endurgreiða 100% þess virðisaukaskatts sem greiddur hefur verið við innflutning eða fyrstu sölu nýs loftfars, hreyfils eða loftskrúfu sem nýtir rafmagn eða vetni sem orkugjafa. Jafnframt skal á sama tímabili endurgreiða 100% þess virðisaukaskatts sem greiddur hefur verið við innflutning og fyrstu sölu notaðs loftfars, hreyfils eða loftskrúfu sem nýtir rafmagn eða vetni sem orkugjafa enda sé loftfarið þriggja ára eða yngra á innflutningsdegi og söludegi miðað við fyrstu skráningu og hreyfill eða loftskrúfa þriggja ára eða yngri á innflutningsdegi og söludegi.

Skilyrði fyrir endurgreiðslu skv. 1. mgr. er að loftfar, hreyfill og loftskrúfa hafi hlotið tegundarvottorð, takmarkað tegundarvottorð eða flugleyfi sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins hefur gefið út eða Samgöngustofa metið gilt.

Endurgreiðsla skal fara fram innan 30 daga frá því að umsókn barst Skattinum. Endurgreiðsluheimild samkvæmt ákvæði þessu nær ekki til þess virðisaukaskatts sem aðili getur talið til innskatts eftir ákvæðum 15. og 16. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd endurgreiðslu samkvæmt ákvæði þessu.

Athugasemdir

Í greininni er lagt til að nýtt ákvæði verði lögfest til bráðabirgða í því skyni að endurgreiða virðisaukaskatt af loftförum, hreyflum og loftskrúfum loftfara sem nýta rafmagn eða vetni sem orkugjafa. Lagt er til að á tímabilinu 1. janúar 2022 til og með 31. desember 2027 skuli endurgreiða virðisaukaskatt sem greiddur hefur verið við innflutning eða fyrstu sölu nýs eða notaðs loftfars, hreyfils eða loftskrúfu sem nýtir rafmagn eða vetni sem orkugjafa að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í ákvæðinu. Áskilið er að loftfar, hreyfill og loftskrúfa hafi hlotið tegundarvottorð, takmarkað tegundarvottorð eða flugleyfi sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins hefur gefið út eða Samgöngustofa metið gilt.

Meðal áhersluatriða í nýrri flugstefnu er að dregið verði úr neikvæðum umhverfisáhrifum flugs og flugtengds rekstrar og að stuðlað verði að uppbyggingu nauðsynlegra innviða vegna þeirra. Í markmiði um umhverfislega sjálfbærar samgöngur í samgönguáætlun fyrir árin 2020–2034 (sjá þskj. 1944, 435. mál, 150. lögþ. 2019–2020) kemur fram að stefnt skuli að því að samgöngur verði umhverfislega sjálfbærar og dregið verði úr hnattrænum, svæðisbundnum og staðbundnum umhverfisáhrifum samgangna. Þá verði Ísland fremst í flokki í umhverfismálum tengdum flugi og flugrekstri og stefnt verði að hvötum til orkuskipta í flugi þegar fullnægjandi tækni hefur verið þróuð.

Hinn 10. júní 2020 gaf Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins út fyrsta tegundarvottorðið fyrir flugvél sem að öllu leyti er knúin rafmagn og hafði mánuði áður gefið út tegundarvottorð fyrir rafmagnshreyfil ætlaðan sömu tegund flugvélar. Um er að ræða tveggja sæta flugvél, Pipistrel Velis, sem ætluð er til flugkennslu og einkaflugs. Tegundarvottun loftfars er forsenda skráningar þess í loftfaraskrá og starfrækslu innan Evrópska efnahagssvæðisins og Sviss (EASA-ríkjanna) sem EASA-loftfars samkvæmt frumvarpinu sem og frjálsri för loftfarsins sem vöru innan ríkjanna. Sama á við hvað varðar frjálsa för hreyfilsins sem vottaðrar framleiðsluvöru. Benda má á að sama á við um ómönnuð loftför, þ.e. þau sem skráð verða í loftfaraskrá. Fjöldmörg verkefni á sviði orkuskipta í flugi eru í deiglu og ætla má að fjölga muni á næstu árum þeim framleiðsluvörum á sviði loftferða sem vottuð verða með öðrum orkugjöfum en jarðefnaeldsneyti að hluta eða öllu leyti. Sem fyrsta skref er því lagt til að virðisaukaskattur verði endurgreiddur af innflutningi og skattskyldri sölu loftfara, hreyfla eða loftskrúfna sem nýta rafmagn eða vetni sem orkugjafa tímabundið til loka árs 2027 að þeim skilyrðum uppfylltum sem tilgreind eru í ákvæðinu. Horft er til þess að kostnaður við starfrækslu slíkra loftfara, hreyfla eða loftskrúfna verði mun hagkvæmari, losun gróðurhúsalofttegunda minnki mjög eða jafnvel hverfi alfarið og hávaðamengun af starfrækslu verði umtalsvert minni en af sambærilegum vörum knúnum jarðefnaeldsneyti

Samkvæmt lögum um virðisaukaskatt er sala og útleiga loftfara undanþegin skattskyldri veltu skv. 6. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna. Undanþágan nær þó ekki til loftfara í einkaflugi. Innflutningur á loftförum, öðrum en loftförum í einkaflugi, er jafnframt undanþeginn virðisaukaskatti skv. 3. tölul. 1. mgr. 36. gr. laganna. Hins vegar ber að greiða virðisaukaskatt af innflutningi og sölu á hreyflum og loftskrúfum skv. 1. gr. laganna, sbr. þó 7. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna. Í þeirri ívilnun sem greinin hér mælir fyrir um er þessi greinarmunur þó ekki gerður og tekur greinin jafnt til loftfara sem ætluð eru til einkanota og þeirra sem ætluð eru til starfrækslu í öðrum tilgangi svo fremi sem afgangi þeirra sé rafmagn eða vetni. Undir endurgreiðsluheimildina falla einnig hreyflar og loftskrúfur sem nýta rafmagn eða vetni sem orkugjafa. Skv. 2. mgr. bráðabirgðaákvæðisins er útgáfa tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs eða flugleyfis skilyrði þess að endurgreiðsluheimildin eigi við.

Hvað endursölu varðar er bent á að ekki telst öll endursala loftfara til virðisaukaskattskyldrar veltu nema ef um er að ræða loftför í einkaflugi, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt.

Þá er ráðherra heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd endurgreiðslunnar, svo sem um endurgreiðslutímabil, umsókn, gögn til staðfestingar endurgreiðslu o.fl.

4. 15. gr. frumvarpsins - Útleiga vistvænna ökutækja

Líkt og kemur fram í kafla 3.8 í greinargerð með frumvarpi þessu heimilar ákvæði til bráðabirgða XXXIX við lög um virðisaukaskatt, ökutækjaleigum og þeim aðilum sem hafa með höndum eignaleigu eða fjármögnunarleigu vegna útleigu á vistvænum bifreiðum að telja útleigu á vistvænu ökutæki að fullu til undanþeginnar skattskyldrar veltu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Skattaávilnunin gildir til og með 31. desember 2023 og er m.a. bundin því skilyrði að virðisaukaskattur hafi verið felldur niður eða talinn til undanþeginnar skattskyldrar veltu við kaup eða innflutning leigusala á ökutækinu samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXIV í sömu lögum. Í 15. gr. frumvarps þessa er lagt til að ákvæðið nái einnig til framleigu á ökutækjum, sem notið hafa fyrrnefndrar ívilnunar, að uppfylltum öðrum skilyrðum sem koma fram í ákvæðinu, sbr. nánar umfjöllun í fyrrnefndum kafla 3.8 í greinargerð og um 15. gr. frumvarpsins.

Til viðbótar við tillöguna í 15. gr. frumvarpsins, er nú lagt til að gerðar verði breytingar á ákvæðinu þannig að skattaávilnunin sem ákvæðið mælir fyrir um verði ekki lengur bundin því skilyrði að virðisaukaskattur af vistvænu ökutæki hafi verið felldur niður eða talinn til undanþeginnar veltu samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXIV í lögum um kaup eða innflutning leigusala á ökutækinu.

Markmið ákvæðisins er að greiða fyrir orkuskiptum í samgöngum í samræmi við stefnu stjórnvalda í þeim efnum og er því ætlað að hvetja ökutækjaleigur og þá aðila sem hafa með höndum eignaleigu eða fjármögnunarleigu til útleigu á vistvænum ökutækjum. Að öllu óbreyttu fellur skattaávilnun vegna innflutnings eða kaupa á tengiltvinnbifreiðum niður í lok ársins 2022 og í lok árs 2023 vegna rafmagns- og vetnisbifreiða, sbr. ákvæði til bráðabirgða XXIV. Miðað við ákvæði til bráðabirgða XXXIV, eins og það er orðað núna, þýðir það að ökutækjaleigum og fjármögnunaraðilum væri ekki mögulegt að telja útleigu á tengiltvinnbifreið sem keypt er á árinu 2023 til undanþeginnar skattskyldrar veltu þar sem ekki væri heimilt að fella niður virðisaukaskatt vegna kaupa eða innflutning á ökutækinu. Verður að telja að slík framkvæmd fari gegn markmiðum ákvæðisins og getur dregið úr áhuga ökutækjaleiga og fjármögnunaraðilum að fjárfesta í vistvænum ökutækjum. Með breytingartillögunni verður þessum aðilum gert kleift að telja útleigu á tengiltvinnibílum sem þeir kaupa á árinu 2023 til undanþeginnar skattskyldrar veltu.

Tillaga að breytingu á ákvæði til bráðabirgða XXXIX laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt

[[XXXIX.]¹⁾

Útleiga á rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreiðskráningarskyldu ökutæki sem fallið hefur undir ívilnun á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða XXIV er að fullu undanþegin skattskyldri veltu að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a. Leigusali er handhafi leyfis til að stunda eignaleigu eða fjármögnunarleigu skv. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 3. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, eða starfsleyfis til rekstrar ökutækjaleigu skv. 3. gr. laga um leigu skráningarskyldra ökutækja, nr. 65/2015, og uppfyllir að öðru leyti skilyrði laga þessara.

b. Ökutækið er skráð sem bifreið í ökutækiaskrá, sbr. 9. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, og fellur undir vöruliði 8703 eða 8704 í tollskrá.

c. Skráð losun á koltvísíringi tengiltvinnbifreiðar uppfyllir skilyrði 2. tölul. 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIV.

Virðisaukaskattur hefur verið felldur niður eða talinn til undanþeginnar veltu samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXIV við kaup eða innflutning leigusala á ökutækinu.

Nýti skattaðili sér þessa heimild vegna skattskyldrar sölu ber honum samhliða skilum á virðisaukaskattsskýrslu að tilkynna ríkisskattstjóra á hverju uppgjörstímabili um að slík útleiga hafi átt sér stað á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Ákvæði þetta gildir til og með 31. desember 2023. Útleiga skráningarskylds ökutækis samkvæmt ákvæði þessu sem fer fram eftir gildistöku þess telst til undanþeginnar veltu án tillits til dagsetningar leigusamnings. Fari útleiga skráningarskylds ökutækis samkvæmt ákvæði þessu fram eftir 31. desember 2023 skal hún teljast til virðisaukaskattsskyldrar veltu samkvæmt lögum þessum án tillits til dagsetningar leigusamnings.]²⁾

¹⁾L. 33/2020, 26. gr. ²⁾L. 154/2019, 2. gr.